

03.03.2016



Framkvæmd Betri hverfa 2016

Starfshópur um Betri Reykjavík og Betri hverfi
– áfangaskil



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Helstu tillögur - samantekt	4
Skipan hóps og hlutverk	5
Vinna og upplýsingaöflun	5
Tillaga starfshóps að framkvæmd Betri hverfa 2016	6
Tímaás Betri hverfa 2016.....	6
Markmiðasetning og önnur grunnvinna.....	7
Fjármál.....	7
Kynningarmál.....	8
Undirbúningur fyrir hugmyndasöfnun	8
Hugmyndasöfnun	9
Fagteymi USK metur hugmyndir. Frumhönnun hefst	10
Hægt að rökstyðja, ræða og gefa hugmyndum vægi á vefnum	10
Fagteymi USK fundar með hverfisráðum um mat fagteymis á innsendum hugmyndum í hverfinu.	10
Viðbrögð fagteymis USK við athugasemdum hverfisráða	10
Hverfisráð stillir upp endanlega allt að 20 verkefnum í hverju hverfi.....	10
Undirbúningur fyrir rafræna atkvæðagreiðslu. Listar með verkefnum útbúnir og kynntir.....	10
Hverfakosning.....	11
Verkhönnun verkefna og gerð útboðsgagna	11
Útboðsferli verkframkvæmdar	12
Framkvæmd.....	12
Verklok.....	12
Fylgiskjöl	
1. Erindisbréf.....	13
2. Samantekt starfshóps á umsögnum hverfisráða	15
2.1 Umsögn frá hverfisráði Árbæjar	16
2.2 Umsögn frá hverfisráði Breiðholts	17
2.3 Umsögn frá hverfisráði Grafarvogs.....	19
2.4 Umsögn frá hverfisráði Hlíða	20

2.5 Umsögn frá hverfisráði Kjalarness	22
2.6 Umsögn frá hverfisráði Laugardals	23
2.7 Umsögn frá hverfisráði Miðborgar	25
2.8 Umsögn frá íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss	26
3. Framkvæmd Betri hverfa 2015 – af vefsíðu verkefnisins	27
4. Tillaga að tímaási Betri hverfa 2016 - nánar	33

Inngangur

Í tillögu starfshópsins er lögð til ný og lengri tímalína fyrir Betri hverfi 2016, sem gefur aukna möguleika á að taka á ábendingum úttektar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og öðrum athugasemdum um verkefnið frá starfsfólki, hverfisráðum o.fl. Ekki er verið að leggja til grundvallarbreytingar á verkefninu fyrir árið 2016 þar sem skammur fyrirvari er til stefnu áður en hefja þarf vinnu við verkefnið. Slíkar hugmyndir verða teknar fyrir í lokaskýrslu starfshópsins um framtíðarfyrirkomulag Betri Reykjavíkur og Betri hverfa. Hér hefur þó verið reynt að bregðast við brýnustu ábendingunum og auka þannig gæði verkefnisins miðað við reynslu þeirra sem að því koma.

Helstu tillögur - samantekt

1. Starfshópurinn leggur til að framkvæmdapottur í Betri hverfum 2016 verði 406 milljónir, sem er 0.42% af heildarútgjöldum Reykjavíkurborgar líkt og var þegar verkefnið hófst árið 2012. Stærð framkvæmdapottarins þarf að liggja fyrir um miðjan mars, áður en hefja þarf kynningarstarf vegna hugmyndasöfnunar. Hafa þarf í huga að skv. tillögu starfshóps hefjast engar framkvæmdir sumarið 2016 og framkvæmt næst árið 2017 svo kostnaður skiptist á milli ára.
2. Starfshópurinn leggur til að 12 milljónir verði settar í kynningarmál fyrir Betri hverfi 2016 til að bregðast við ábendingum í úttekt. Upplýsingar um fjármagn sem ætlað er til kynningarmála í Betri hverfi 2016 í heild þurfa að liggja fyrir um miðjan mars, áður en hefja þarf kynningarstarf vegna hugmyndasöfnunar.
3. Endurskoða þarf og staðfesta skilgreiningar á um hvað megi kjósa í Betri hverfum, fyrir miðjan mars. Starfshópurinn leggur til að kjörnir fulltrúar eigi fund með fagteymi USK sem fyrst vegna þessa.
4. Starfshópurinn leggur hér til breytingar á reglum um Betri Reykjavík sem gera þyrfti áður en ný vefsíða opnar í byrjun apríl samhliða hugmyndasöfnun Betri hverfa. Taka þarf afstöðu til tillagnanna og þær þarfnast samþykkis borgarráðs.
5. Starfshópurinn leggur til að kosið verði um annað/önnur málefni samhliða hverfakosningunni Betri hverfi 2016.

Skipan hóps og hlutverk

Þann 9. febrúar 2016 skipaði borgarritari starfshóp um verkefnið Betri Reykjavík og Betri hverfi.

Hlutverk starfshópsins er, samkvæmt erindisbréfi (sjá fylgiskjal 1), tvíþætt; að gera tillögu að framkvæmd Betri hverfa 2016, og tillögu að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar. Hópurinn skal í vinnu sinni taka mið af niðurstöðum úttektar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála (hér eftir nefnd „úttektin“) á Betri Reykjavík og Betri hverfum auk annarra ábendinga sem borist hafa.

Helstu verkefni starfshópsins eru:

- Greining á helstu niðurstöðum úttektarinnar og gera tillögur að úrvinnslu ábendinganna sem þar koma fram.
- Tillögur að úrbótum byggt á reynslu þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem komið hafa að lýðræðisverkefnum og öðrum ábendingum sem komið hafa fram og ekki er fjallað um í skýrslunni.
- Samantekt upplýsinga um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar.
- Tillaga að vinnulagi og hvernig samráði skuli háttað við hagsmunahópa við stefnumótun lýðræðismála.
- Endurskoðun á verkferlum í Betri Reykjavík.

Starfshópurinn skipa:

- Unnur Margrét Arnardóttir (formaður), Theódóra Sigurðardóttir og Hreinn Hreinsson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Ólafur Ólafsson, umhverfis- og skipulagssviði.
- Eggert Ólafsson, skrifstofu þjónustu og reksturs.

Hópurinn skal leita ráðgjafar hjá aðilum innan sem utan borgarkerfis sem hafa reynslu eða sérþekkingu á viðfangsefni starfshópsins, og leita ábendinga hjá fagsviðum um hvað betur megi fara í ferlum verkefnanna.

Fyrstu skil starfshópsins, er snúa að tillögum að fyrirkomulagi Betri hverfa 2016, skal skilað ekki seinna en 3. mars 2016. Lokaskil hópsins á öðrum verkefnum eru þann 15. maí 2016.

Vinna og upplýsingaöflun

Hópurinn hélt alls fimm fundi á tímabilinu 9. febrúar til 3. mars 2016. Leitaði starfshópurinn ráðgjafar hjá Róberti Bjarnasyni og Gunnari Gunnarssyni, forsvarsmönnum sjálfseignarstofnunarinnar Íbúar samráðslýðræði. Starfsmenn hópsins leituðu einnig ráðgjafar og aðstoðar hjá Helgu Björgu Ragnarsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Bjarna Brynjólfssyni, upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar, Helgu Björk Laxdal, skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjórnar, Braga Leifi Haukssyni, verkefnastjóra hjá Þjóðskrá og Halldóru Káradóttur skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu.

Óskað var með tölvupósti eftir athugasemdum hverfisráða um framkvæmd Betri hverfa fram til þessa og hvers konar breytingar hverfisráðin vildu sjá á framkvæmdinni 2016. Svarhlutfall var 70%; umsagnir bárust frá 7 ráðum af 10 auk einna íbúasamtaka. Þónokkrar samróma ábendingar bárust frá hverfisráðunum svo sem að kalla eigi eftir auknu samráði við hugmyndasmið, hverfisráð og íbúa

almennt til þess að fyrirbyggja misskilning um innsendar hugmyndir. Þá var sú ábending einnig víða að mat fagteymis á innsendum hugmyndum sé of stíft sem leiði til þess að margar hugmyndir séu metnar ótækar í kosningu Betri hverfa. Samantekt á ábendingum hverfisráðanna ásamt umsögnunum í heild má sjá í fylgiskjali 2.

Tillaga starfshóps að framkvæmd Betri hverfa 2016

Þær breytingar sem lagðar eru til frá fyrri framkvæmdum hverfakosninganna eru byggðar á ábendingum úr úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála (hér eftir nefnd „úttektin“) auk annarra ábendinga sem borist hafa í gegnum tíðina um verkefnið frá ýmsum aðilum, innan borgarkerfis og utan. Í úttektinni (bls. 22) er talað um að nýta dýrmæta reynslu stjórnkerfis borgarinnar af íbúasamráði í fyrri framkvæmd Betri hverfa til framþróunar þátttökulýðræðisverkefna og hefur það verið reynt hér. Í eftirfarandi tillögu er ekki lýsing á núverandi verklagi í Betri hverfum heldur er eingöngu fjallað um þær breytingar sem lagðar eru til út frá því. Lýsingu á verklaginu eins og það var 2015 er að finna á vefsíðu verkefnisins, og hefur verið sett hér með í fylgiskjali 3.

Tímaás Betri hverfa 2016

Í úttektinni (bls. 23) er því velt upp að ástæða geti verið til að endurmeta og hugsanlega lengja tímaramma fyrir ferla Betri hverfa til að stuðla að markvissu samráðsferli, undirbúningi og framkvæmd verkefna. Það gæti einnig orðið til þess að skapa betri aðstæður til vinnu við einstaka verkþætti og aukið ánægju starfsfólks á verkefninu, sem skv. úttektinni (bls. 4, 37, 39) er minnst ánægði hópurinn sem skoðaður var. Starfshópurinn leggur því til eftirfarandi tímaás fyrir Betri hverfi 2016 (sjá nánar í fylgiskjali 4):

- | | |
|-----------------------------|---|
| 1.3. - 7.4. 2016: | Undirbúningur fyrir hugmyndasöfnun. |
| 8.4. – 9.5. 2016: | Hugmyndasöfnun. |
| 15.4. - 20.7. 2016: | Fagteymi USK metur hugmyndir. Frumhönnun hefst. |
| 10.5. – 15.7. 2016: | Hægt að rökstyðja, ræða og gefa hugmyndum vægi á vefnum. |
| 3.8. - 17.8. 2016: | Fagteymi USK fundar með hverfisráðum um mat fagteymis á innsendum hugmyndum í hverfinu. |
| 18.8. - 31.8. 2016: | Viðbrögð fagteymis USK við athugasemdum hverfisráða. |
| 1.9. – 15.9. 2016: | Hverfisráð stillir upp endanlega allt að 20 verkefnum í hverju hverfi. |
| 16.9. - 22.9. 2016: | Undirbúningur fyrir rafræna atkvæðagreiðslu. Listar með verkefnum útbúnir og kynntir. |
| 4.10. - 11.10. 2016: | Hverfakosning. |
| 19.10. - 25.1. | Verkhönnun verkefna og gerð útboðsgagna. Verkefni boðið út, samningar við verktaka og hverfisbækistöðvar. |
| 26.1. – 23.2. | Útboðsferli verkframkvæmdar. |
| 20.3. - 31.8. | Framkvæmd. |
| 1.9. 2017 | Verklök. |

Þessi nýi og lengri tímaás er gerður með það í huga að gefa lengri tíma í samráð verkefnisstjóra og fagteymis USK við íbúa og bregðast þannig við ábendingum um að of lítið samráð sé milli borgarstarfsmanna og íbúa í verkefninu (t.d. úttekt bls. 4 og umsagnir hverfisráða fylgiskjali 2). Einnig er USK og hönnuðum gefinn lengri tími í verkþætti sem mjög hefur þrengt að síðustu ár og þeir fluttir til á árinu, sem gefur möguleika á betri nýtingu fjármuna verkefnisins.

Hér neðar verður nánar farið í tillögur að breytingum á framkvæmd einstakra verkþátta tímalínunnar, auk markmiðasetningar, fjár- og kynningarmála.

Markmiðasetning og önnur grunnvinna

- Í úttektinni (bls. 4, 33, 38) er fjallað um að betur hefði mátt standa að markmiðasetningu, skilgreiningu hlutverks og ábyrgðar verkefnisaðila og útlistun verkferla og boðleiða til að tryggja skilvirka framkvæmd og góða nýtingu fjármuna. Ef sú tímalína sem hér er lögð til á að standast gefst ekki mikill tími í slíka vinnu áður en farið verður í hugmyndasöfnun fyrir Betri hverfi 2016 og mikilvægt að slíkt sé ekki unnið í flýti heldur horft til framtíðar. Starfshópur leggur til að farið verði í þessa vinnu þegar hópurinn hefur skilað af sér endanlegri skýrslu með tillögu að framtíðartilhögun Betri Reykjavíkur og Betri hverfa 15. maí nk. Auk þess mætti vinna þetta samhliða gerð lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar þar sem markmið verkefnanna þarf að samræmast þeirri stefnu.

Fjármál

- Í úttektinni kemur fram (bls. 20, tafla 3) að sá framkvæmdapottur sem kosið er um í Betri hverfum hafi með hverju ári orðið lægra hlutfall af heildarútgjöldum borgarinnar, frá 0.48% árið 2012 niður í 0.35% árið 2015. Gegnum tíðina hafa starfsmönnum verkefnisins borist margar athugasemdir (t.d. frá hverfisráðum, íbúum samráðslýðræði ses., og starfsfólki) um að stærð pottsins verði að minnsta kosti að stækka með þróun verðlags og annars kostnaðar. Starfshópurinn leitaði sér ráðgjafar hjá fjármálaskrifstofu og sé notast við tölur frá þeim um heildarútgjöld borgarinnar árin 2012 og 2016 reiknast þeim til að potturinn árið 2012, 300 milljónir, hafi verið 0.42% af heildarútgjöldum borgarinnar. Starfshópurinn leggur til að sama hlutfall af heildarútgjöldum verði sett í framkvæmdapottinn nú, eða 406 milljónir króna. Hafa þarf í huga að skv. tillögu starfshóps hefjast engar framkvæmdir sumarið 2016 og framkvæmt næst árið 2017 svo kostnaður skiptist á milli ára.

Tafla 1. Kostnaður við Betri hverfi 2015 og áætlaður kostnaður við Betri hverfi 2016 miðað við tillögur starfshópsins

Verkþættir	Betri hverfi 2015	Áætlun 2016 miðað við tillögur starfshóps
Framkvæmdapottur (Inni í þeim lið er öll vinna USK við verkefnið auk kostnaðar við hönnun, útboð o.fl. auk framkvæmda á kosnum verkefnum)	300 milljónir áætlaðar (200 milljónir í fjárhagsáætlun, 100 milljónir úr viðhaldi hjá USK). Þegar framkvæmt fyrir 275 milljónir, endar í ca. 320 milljónum skv. mati frá USK.	406 milljónir (0,42% af heildarútgjöldum borgarinnar líkt og byrjað var með 2012)
Kynningarmál	6.596.487	12.000.000
Framkvæmd rafrænnar kosningar	6.319.840	6.000.000
Samtals	332.916.327	424.000.000

- Í úttektinni (bls. 28) er bent á að eðlilegt væri að greina óbeinan kostnað við verkefnið Betri hverfi og hvort sá kostnaður sé eðlilegur og réttlætanager miðað við þau markmið sem þeim eru sett. Starfshópurinn hefur ekki framkvæmt slíka greiningu en vert er að gera það í framhaldinu.

Kynningarmál

- Í úttektinni (bls. 28, 33, 34, 38) kemur fram að þriðjungur íbúa Reykjavíkur þekki ekki til verkefnanna Betri Reykjavík og Betri hverfi. Þar kemur líka fram að þekking og þátttaka borgarbúa í verkefnunum sé mismunandi eftir menntunarhópum, aldri og hverfum. Kynningarmál verði endurskoðuð með það í huga að bæta úr þessu eins og hægt er.
- Mikilvægt er að strax í upphafi Betri hverfa 2016 liggi fyrir hversu mikið fjármagn verði sett í kynningarmál verkefnisins svo upplýsinga- og vefdeild geti gert kynningaráætlun út frá því sem tekur á þessum ábendingum í úttektinni. Upplýsinga- og vefdeild leggur til að 12 milljónum verði varið í kynningarmál Betri hverfa 2016 (sama upphæð og í verkefninu 1, 2 og Reykjavík árið 2008).
- Upplýsinga- og vefdeild mun hafa samráð við mannréttindaskrifstofu, tengiliði verkefnisins á þjónustumiðstöðvum, ungmennaráð, öldungaráð, fjölmeningarráð o.fl. eftir þörfum um hvernig best megi ná til þeirra hópa borgarbúa sem síður hafa verið að taka þátt í Betri hverfum skv. úttektinni (bls. 23, 34, 38). Skoðað verður að vinna með reyndri auglýsingastofu sem veitt gæti ráðgjöf um hvernig þetta verði best framkvæmt.
- Gert verði kynningarefni á innri vef þar sem verkefnið er útskýrt fyrir starfsmönnum borgarinnar og þeir geta þar tekið þátt í umræðum um það. Efnt verði til kynningarfundu með helstu stjórnendum. Þess er vænst að meiri þekking á verkefninu innanhúss geti stuðlað að jákvæðara viðhorfi starfsmanna og auknum skilningi á mikilvægi íbúasamráðs, sbr. ábendingar í úttekt (bls. 4, 37, 39) um neikvætt viðhorf starfsmanna til íbúalýðræðisverkefnanna.

Undirbúningur fyrir hugmyndasöfnun

- Mikilvægt er að það liggi fyrir um miðjan mars hversu stór framkvæmdapotturinn sem kosið verður um 2016 verður, áður en hugmyndasöfnun hefst. Starfshópur leggur til að verkefnapottur verði að lágmarki sama hlutfall af heildarútgjöldum borgarinnar og var í byrjun eða 0,42%. Það myndu verða 406 milljónir í þetta sinn. Samkvæmt reynslu starfsmanna af verkefninu er þetta athugasemd sem kemur upp oft og víða í tengslum við verkefnið, að potturinn sér í raun að rýrna ár frá ári.
- Rýna þarf reglur um hvers konar hugmyndir eigi að vera tækar í hverfakosninguna. Samtal þarf að eiga sér stað milli kjörinna fulltrúa og fagteymis USK og ákvörðun tekin í kjölfarið, fyrir miðjan mars þegar hefja þarf kynningu fyrir hugmyndasöfnun. Breyting á þessum reglum þarfnast samþykkis borgarráðs.

Hafa þarf í huga að þessar reglur kunna að hafa áhrif á þátttöku mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa í verkefninu.

Eðli lýðræðisverkefnisins Betri hverfi er að íbúar taka þátt í ráðstöfun fjármagns og hafa þannig bein áhrif á stefnumörkun. Almennt er slíkt á ábyrgð kjörinna fulltrúa og því á þeirra ábyrgðarsviði fylgja verkefninu eftir inn í fagteymið þar sem hluti stefnumótunar fer fram. Mikilvægt er þó að skýr mörk séu á milli stefnumótandi ákvarðana og ákvarðana um einstök

verkefni. Því er lagt til að fagteymið marki stefnu ásamt kjörnum fulltrúum en meti síðan einstök verkefni án aðkomu kjörinna fulltrúa. Þetta er einnig mikilvægt til þess að allir sem koma að verkefninu hafi yfirsýn yfir framgang þess og þá verkferla sem unnið er eftir.

- Íbúar samráðslýðræði ses. hefur unnið að nýrri útgáfu vefsíðu Betri Reykjavíkur. Margar athugasemdir hafa verið gerðar við að íbúar rugli saman Betri Reykjavík og Betri hverfum (úttekt bls. 28, umsagnir hverfisráða o.fl.). Á nýrri vefsíðu verður reynt að gera Betri Reykjavík að yfirheiti íbúalýðræðisverkefna Reykjavíkur þar sem hverfakosningar (Betri hverfi) og hugmyndir til fagráða (nú Betri Reykjavík) verði undir og þannig reynt að draga úr þessum ruglingi. Hugmyndasöfnun fyrir Betri hverfi 2016 skal fara fram á nýju síðunni sem verður opnuð við það tækifæri. Þannig má nýta kynningu á hugmyndasöfnun til að sýna borgarbúum nýja og endurbætta vefsíðu.

Á nýrri vefsíðu verður sá möguleiki til staðar að merkja staðsetningu hugmynda inn á kort og hlaða inn eigin mynd af svæðinu sem um ræðir. Þetta mun væntanlega stytta og auðvelda fagteymi USK vinnu við mat á hugmyndum.

Þar sem ekki er möguleiki að halda úti tveimur útgáfum af vefsíðunni í einu þarf Betri Reykjavík um leið að flytja á nýju vefsíðuna. Nýta þarf tækifærið og breyta reglum um Betri Reykjavík smávægilega þar sem fagráð borgarinnar og starfsfólk er orðið langeygt eftir þróun á þeim vettvangi. Starfshópurinn mun skila tillögu að framtíðarþróun Betri Reykjavíkur 15. maí nk., en lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar strax þegar ný vefsíða fer í loftið, væntanlega 8. apríl nk.:

1. Hugmyndir eldri en eins árs verði gerðar óvirkar og færðar á svæði þar sem eingöngu er hægt er að skoða þær. Þetta verði eftirleiðis gert þegar hugmyndir verða árgamlar. Notendum verði frjálst að senda hugmynd inn að nýju og athuga hvort hún fái brautargengi þá.
2. Ákveðinn verði lágmarksatkvæðafjöldi sem hugmynd þarf að hafa til að vera send fagráði. Tillaga starfshóps er að hugmynd verði að hafa 25 hrein meðatkvæði (meðatkvæði að frádregnum mótatkvæðum) til að vera send fagráði til afgreiðslu. Sú regla hefði þýtt að í stað 147 hugmynda sem sendar voru inn til fagráða jan – nóv 2015 hefðu 74 hugmyndir verið sendar. (Til upplýsingar hefði regla um 10 hrein meðatkvæði þýtt að 102 hugmyndir hefðu verið sendar til afgreiðslu en regla um 50 hrein meðatkvæði 8 hugmyndir).
3. Eyðublað sem fylla þarf út til að senda inn hugmynd á vefsíðu Betri Reykjavíkur verði rýnt með það í huga að bæta gæði hugmynda og gera þær tækar til afgreiðslu fagráða.

Hugmyndasöfnun

- Vakta þarf hugmyndir jafnóðum og þær eru sendar inn og auka samskipti borgarstarfsmanna við íbúa á þeim vettvangi sbr. ábendingu úttektar (bls. 4) um að samtal á vefnum nú eigi sér mest stað milli borgarbúa en ekki við borgaryfirvöld. Þannig verði jafnóðum brugðist við ef upplýsingar vantar í hugmyndir, látið vita ef margar mismunandi hugmyndir hafa verið sendar inn sem ein hugmynd o.s.frv. Þannig gefst íbúum tækifæri á að fá aðstoð við að senda inn hugmyndir sem eru tækar í kosningu og líkur á misskilningi milli íbúa og borgarstarfsmanna minnkaðar.

Fagteymi USK metur hugmyndir - frumhönnun hefst

- Aukin samskipti fagteymis USK við hugmyndasmiði og aðra notendur síðunnar sbr. ábendingu úttekta (bls. 4) um að samtal á vefnum nú eigi sér mest stað milli borgarbúa en ekki við borgaryfirvöld. Leiki vafi á við hvað er átt eða standi til að breyta hugmynd svo hún verði tæk í kosningu skal verkefnastjóri Betri hverfa setja skilaboð á síðu hugmyndarinnar sem hugmyndasmiður og aðrir sem kosið hafa hugmynd upp eða niður fá þar með skilaboð um og gefst tækifæri á að svara.
- Unnin verði drög að frumhönnun og ítarlegri frumkostnaðaráætlun en áður fyrir hugmyndir sem metnar eru tækar í kosningu á þessu stigi. Drög að frumhönnun og frumkostnaðaráætlun verði aðgengileg í kosningu og auki þannig gagnsæi, upplýsingar um hvað fólk er raunverulega að kjósa, og dragi úr líkum á vonbrigðum borgarbúa á útfærslu verkefnanna þegar þau hafa verið framkvæmd.
- Formenn hverfisráða hafi aðgang að vinnuskjali fagteymis USK þar sem innsendar hugmyndir eru metnar. Þannig gefist þeim færi á að fylgjast með matinu, koma með athugasemdir jafnóðum og fá innsýn inn í vinnu fagteymisins.

Hægt að rökstyðja, ræða og gefa hugmyndum vægi á vefnum

- Í stað þess að áður var hægt að byrja strax að kjósa innsendar hugmyndir upp og niður á vefnum er lagt til að nú verði skilgreint tímabil eftir að hugmyndasöfnun lýkur þar sem kjósa má innsendar hugmyndir upp og niður og koma með rök með og á móti þeim. Þannig er komið í veg fyrir að þær hugmyndir sem fyrst eru sendar inn hafi mun lengri tíma en þær sem seinna eru sendar inn til að safna atkvæðum og verði þar með líklegri til að vera settar í kosningu.

Fagteymi USK fundar með hverfisráðum um mat fagteymis á innsendum hugmyndum í hverfinu

- Verkefnisstjóri hönnunar í viðkomandi hverfi verði fulltrúi fagteymis USK á fundum með hverfisráði. Auk þess verði verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem fyrr viðstaddur fundina.

Viðbrögð fagteymis USK við athugasemdum hverfisráða

- Engar breytingar lagðar til.

Hverfisráð stillir upp endanlega allt að 20 verkefnum í hverju hverfi

- Ekki verði lengur leyfilegt að hverfisráð taki ákvörðun á þessu stigi máls um að endurnýta hugmyndir sem settar voru í kosningu á fyrri árum en hlutu ekki kosningu. Sé útlit fyrir að fáar hugmyndir verði tækar í kosningu í hverfi verði hverfisráð látið vita meðan hugmyndasöfnun er enn opin og því gefið tækifæri á að senda þessar gömlu hugmyndir inn að nýju, og þær fari þá í sama ferli og aðrar innsendar hugmyndir og standi þeim jafnfætis.

Undirbúningur fyrir rafræna atkvæðagreiðslu - Listar með verkefnum útbúnir og kynntir

- Endanlegir listar yfir þær hugmyndir sem settar verða í kosningu verði tilbúnir a.m.k. 12 dögum fyrir opnun hverfakosningar svo upplýsinga- og vefdeild hafi tækifæri til að kynna listana íbúum.
- Nauðsynlegt er að handvirkur innsláttur gagna í tengslum við rafrænar kosningar um Betri hverfi sé yfirfarinn af öðrum starfsmanni til að lágmarka hættu á villum (sbr. ábendingu frá innri endurskoðun árið 2015).

Hverfakosning

- Starfshópurinn leggur til að samhliða hverfakosningunni verði kosið um annað/önnur málefni. Í úttektinni kemur fram eindreginn vilji íbúa til þess að hafa áhrif á stærri mál og einnig að slíkt væri eðlileg þróun verkefnisins þar sem lýðræði og vald íbúa aukist smám saman. Ef meira vægi er í verkefnum í íbúakosningum þar sem íbúar upplifa að þeim sé treyst til að taka ákvarðanir er líklegt að þátttaka aukist og þar með réttmæti verkefnisins. Með því að gera þetta samhliða hverfakosningunni mætti freista þess að auka þátttöku í henni um leið. Hægt væri að kjósa um eitt málefni í borginni, eða leita til hverfisráða um að hvert hverfi hafi sína spurningu um málefni sem brennur á hverfinu.
- Starfsmenn hafa oft fengið athugasemdir (t.d. umsagnir hverfisráða) um að endurskoða þurfi hvernig kosið sé í Betri hverfum. Taka þarf ákvörðun um hvort kjósa eigi áfram á sama hátt og áður, með því að íbúar raði verkefnum inn í fjárhagsramma verkefnisins í hverfinu. Það hefur gengið vel en hefur kosti og galla. Helsti ókosturinn sem nefndur hefur verið er að núverandi kerfi þykir hampa smærri hugmyndum þar sem fólki hætti til að vilja nýta allan rammann og velji því fyrst það sem því þyki mikilvægast og fylli svo upp í með smærri verkefnum sem það hefur minni áhuga á. Engin greining hefur farið fram á því hvort þetta sé raunin en það er reynsla starfsfólks verkefnisins að oft séu gerðar athugasemdir við þetta, að smærri verkefni komist að á kostnað stærri og metnaðarfullri verkefna. Starfshópurinn leggur til að fengið verði álit hjá sérfræðingum í kosningakerfum á núverandi fyrirkomulagi, og því hvort væri skynsamlegt að reyna aðra aðferð.
- Starfsmenn starfshópsins settu sig í samband við fulltrúa frá Þjóðskrá til þess að afla upplýsinga um svokallað Scytl kosningakerfi sem Þjóðskrá heldur utan um. Ljóst er að kerfið hentar ekki verkefninu Betri hverfi í núverandi mynd og leggur starfshópurinn því til að við framkvæmd Betri hverfa 2016 verði notast við sama kosningakerfi og hefur verið gert síðastliðin ár. Starfshópurinn mun á síðari stigum vinnu sinnar kanna nánar hvaða kosningakerfi henti verkefninu til framtíðar.
- Skoða þarf möguleika á að láta búa til app sem hægt er að kjósa í.
- Í úttektinni (bls. 22) er því velt upp hvort það geti talist lögmætt að innan við 10% íbúa standi bak við þær fjárveitingar sem verkefnið Betri hverfi fær í sinn hlut og hvort tilkostnaður borgarinnar sé réttlætanlegur miðað við þátttöku. Einnig er spurt hvort eðlilegt væri að setja viðmið um lágmarkspátttöku í hverfakosningum Betri hverfa. Starfshópurinn hefur ekki tekið afstöðu til þessara ábendinga.
- Í úttektinni (bls. 22, 39) er bent á að kosningakerfi Betri hverfa sé ekki skýrt á vefsíðu verkefnisins. Bætt verði úr því í framkvæmd Betri hverfa 2016.

Verkhönnun verkefna og gerð útboðsgagna

- Með nýjum tímaási er gefinn rýmri tími í þennan lið verkefnisins. Þannig gefst aukinn tími til vinnu við hönnun og kostnaðarmat sem skilar sér í vandaðri áætlunum, útfærslum og útboðsgögnum. Lenging hönnunartíma dregur úr yfirvinnu þeirra sem að verkinu koma og þannig nýtast fjármunir verkefnisins betur.
- Formaður hverfisráðs verði kallaður á fyrsta fund verkhönnunar og farið sameiginlega yfir kosnar tillögur í hans hverfi með hönnuðum og verkefnisstjóra USK.

Útboðsferli verkframkvæmdar

- Með nýjum tímaási er mögulegt að fara í útboð á þeim tíma árs þegar hagstæðara verð er í boði og þannig nýtast fjármunir verkefnisins betur en áður.

Framkvæmd

- Framkvæmdasjá verði notuð á skilvirkari hátt til að miðla upplýsingum um stöðu framkvæmda kosinna verkefna. Tenging verði gerð milli Framkvæmdasjár og síðu Betri hverfa þar sem sú síðarnefnda uppfærir sjálfkrafa þegar staða verkefnis breytist í Framkvæmdasjá, og þar með fá allir sem komið hafa að hugmyndinni á vefnum tölvupóst um framvinduna. Upplýsinga- og vefdeild búi til samræmt útlit fyrir Framkvæmdasjár-síður allra hverfanna í Betri hverfi og geri þær notendavænni fyrir þá sem fá það verkefni að uppfæra stöðu verkefna. Uppfærsla á Framkvæmdasjá verði á ábyrgð verkefnisstjóra USK og verkeftirlits. USK fundar um stöðu verkefna á tveggja vikna fresti með verktökum, raunhæft að Framkvæmdasjá sé alltaf uppfærð í kjölfarið.

Verklök

- Haldið verði hóflegt hóf með þeim sem koma að framkvæmd verkefnisins hjá borginni til að efla tengsl þeirra sem að verkefninu koma á mismunandi stigum og auka eignarhald starfsmanna á því ☺



ERINDISBRÉF

Starfshópur um Betri Reykjavík og Betri hverfi

Ábyrgðaraðili:
Borgarritari

Inngangur:

Í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 11. júní 2014 var ákveðið að gerð skyldi úttekt á kostum og göllum Betri Reykjavíkur og Betri hverfa og gerðar tillögur um næstu skref í rafrænu þáttökulýðræði. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands tók að sér verkefnið. Markmið úttektarinnar var tvíþætt; að afla heildarmyndar af verkefnunum og meta áhrif þeirra á þáttökulýðræði í Reykjavík og leggja þannig grunn að stefnumörkun til framtíðar. Stofnunin skilaði niðurstöðu úttektar um verkefni þann 18. janúar 2016. Stjórnkerfis – og lýðræðisráð leggur til að stofnaður verði starfshópur til að rýna niðurstöður úttektarinnar og gera tillögur um framhald verkefnanna.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er tvíþætt; annars vegar að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi Betri hverfa verkefnisins 2016 og hins vegar að gera tillögur að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skal í vinnu sinni taka mið af niðurstöðum ofangreindar úttektar auk annarra ábendinga sem borist hafa.

Helstu verkefni:

- Greining á helstu niðurstöðum ofangreindar úttektar og gera tillögur að úrvinnslu ábendinganna sem þar koma fram
- Tillögur að úrbótum byggt á reynslu þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem komið hafa að lýðræðisverkefnum og öðrum ábendingum sem komið hafa fram og ekki er fjallað um í skýrslunni
- Samantekt upplýsinga um lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar
- Tillaga að vinnulagi og hvernig samráð skuli háttað við hagsmunahópa við stefnumótun lýðræðismála
- Endurskoðun á verkferlum í Betri Reykjavík

Starfshópurinn skipa:

- Unnur Margrét Arnardóttir (formaður), Theódóra Sigurðardóttir og Hreinn Hreinsson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.
- Ólafur Ólafsson, umhverfis- og skipulagsviði.
- Eggert Ólafsson, skrifstofa þjónustu og reksturs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum innan sem utan borgarkerfis sem hafa reynslu eða sérþekkingu á viðfangsefni starfshópsins. Leiti ábendinga hjá fagsviðum um hvað betur megi fara í ferlum verkefnanna.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili tillögum að fyrirkomulagi Betri hverfa 2016 eigi síðar en 3. mars 2016.
Lokaskil hópsins á öðrum verkefnum starfshópsins skal vera þann 15. maí 2016.

Reykjavík 9. febrúar 2016



Elly Katrín Guðmundsóttir

Fylgiskjal nr. 2. – Umsagnir hverfisráða – samantekt starfshóps

Athugasemdir hverfisráða – samantekt starfshóps

- Betri hverfi verði ekki bundin við nýframkvæmdir og viðhald. Kosið verði um fjölbreyttari verkefni, svo sem á sviði lýðheilsu, forvarna og íþróttá- og tómstunda. Einnig væri hægt að koma með hugmyndir að uppákomum, smiðjum og fl.
- Kallað eftir auknu samráði borgarinnar við hugmyndasmiði, hverfisráð og íbúa almennt, til að koma í veg fyrir misskilning um hugmyndina, samræma væntingar íbúa við það sem raunverulega er hægt að gera á svæðinu o.s.frv. Hverfisráð óska eftir auknu samráði við USK áður en framkvæmdir hefjast. Hverfisráð óska eftir meira og skýrara valdi í ferlinu.
- Potturinn sem kosið er um verði stækkaður, jafnvel frekar kosið sjaldnar en þá um stærri pott í hvert sinn.
- Gerðar eru athugasemdir við að mat á innsendum hugmyndum sé of stíft og of margar hugmyndir metnar ótækar í kosningu sem leiði til einsleitni hugmynda sem fara í kosningu. Skýra þyrfti um hvað mætti kjósa.
- Kynna þurfi verkefnið betur og með fjölbreyttari hætti, t.d. með leik eða samkeppni.
- Skýra þurfi muninn á Betri Reykjavík og Betri hverfum.
- Hverfisráð fái ekki nægan tíma til að vinna þá vinnu sem þeim er ætlað í ferlinu.

Fylgiskjal nr. 2.1. – Umsögn frá hverfisráði Árbæjar

Athugasemdir frá Hverfisráði Árbæjar vegna verkefnisins Betri hverfi.

- Skoða hvort ekki megi taka fleiri gerðir verkefna inn í Betri hverfi þannig að verkefni séu ekki bundin við verklegar nýframkvæmdir. Útdeila mætti fjármagni til verkefna á sviði lýðheilsu, forvarnarmála og íþrótta- og tómstundamála svo eitthvað sé nefnt.
- Með breiðari verkefnagrunni mætti bæta þátttöku almennings í Betri hverfi enda eru núverandi verkefni á fremur þröngu áhugasviði sem líklegt má telja að höfði ekki til nema ákveðins hluta íbúa. Fjármagn og sérþekking kæmi þar af leiðandi frá fleiri fagsviðum heldur en USK.
- Viðhaldsverkefni og nýframkvæmdaverkefni mættu gjarna vera tekin að jöfnu. Það eru takmörk fyrir hvað hægt að bæta við af nýframkvæmdum. Íbúar eiga að fá að forgangsraða fjármagni þangað sem þörfin er mest að þeirra mati. Þetta mætti jafnvel útfæra með sérstökum viðhaldspotti við hlið hins pottsins. Með þessu móti yrði forgangsröðun íbúa á fjármagni til verkefna á viðkomandi svæði rauði þráðurinn í verkefninu.
- Áður en að hönnunarferli kemur í verklegum framkvæmdum fái hverfisráð fund með sérfræðinefndinni á USK til að samræma hugmyndir íbúa hverfisins við raunveruleika viðkomandi svæðis og væntingar íbúa.
- Afar brýnt er að hverfisráð fái kynningu á útfærslu verkefna frá hönnuði áður en ráðist er í framkvæmdir. Reynslan hefur sýnt að útkoma framkvæmda er stundum í engu samræmi við væntingar íbúa og í litlu samræmi við upphaflega hugmynd. Mikilvægt og sjálfsgagt er að nýta þá þekkingu á nærsamfélaginu sem er til staðar hjá fulltrúum í hverfisráði.
- Möguleiki á áfangaskiptingu verklegra framkvæmda. Með þessu móti er hægt að taka stærri svæði og deila dýrari verkefnum yfir nokkur ár. Heildarútlitshönnun / framtíðarsýn viðkomandi verkefnis yrði þá gerð í fyrsta áfanga og kynnt við kosningu síðari áfanga.
- Framkvæmdahraði hefur hindrað ígrundun og skilvirkni verkefna. Spurning um hvort rétt sé að keyra Betri hverfi á tveggja ára fresti, stækka potta og vanda verkefni betur.
- Jafna vægi hverfishluta. Tiltölulega fámennir hverfishlutar eins og Ártúnsholtið hefur jafnan farið hálloka í kosningum og sárafá verkefni fengist samþykkt þar. Hægt væri að fela hverfisráðum að skilgreina lágmarksupphæðir í einstaka hverfishluta út frá hlutfallslegum íbúafjölda eða öðrum málefnalegum leiðum.
- Ekki verði farið í verkefni sem krefjast verulegrar þjónustu eða rekstrarkostnaðar í framtíðinni nema slíkt sé tryggt fyrirfram.

Málið var rætt á fundi hverfisráðs Árbæjar þann 23. Febrúar 2016 og var þar formanni falið að koma á framfæri athugasemdum.

Þorkell Heiðarsson formaður Hverfisráðs Árbæjar

Fylgiskjal nr. 2.2. – Umsögn frá hverfisráði Breiðholts

Fyrirkomulag kosninga um Betri hverfi síðustu ár

- a. **Almennt:** Kosning var fremur dræm í Breiðholti árið 2015 miðað við árið 2014. Við vorum ánægð með upplýsingamiðlun til íbúa. Það var einföld og þægileg vefsíða þar sem hægt var að fylgjast með og taka þátt í umræðum. Kosningin var vel framkvæmd og þægileg fyrir íbúa. Gott væri að þýða upplýsingar yfir á önnur tungumál, alla vega þau verkefni sem stendur til að kjósa um. Í Breiðholti eru yfir 25% íbúanna fólk sem er kannski erfiðara að ná til þannig að það skilji allt ferlið að fullu.
- b. **Aðkoma hverfisráðs að ferlinu:** Okkar hlutverk í kosningum var í rauninni eingöngu að raða upp verkefnum. Ef hægt væri að bæta okkur hlutverk ég tel að það væri með þeim hætti að borgin stæði fyrir opnum fundi með íbúum áður en hverfisráð velur verkefni til kosninga. Hverfisráð hefur hins vegar ekkert fjármagn í slíkt svo að verkefnið um Betri hverfi þyrfti að greiða við að auglýsa íbúafund. Það væri lýðræðislegra að tala við íbúa um þeirra hugmyndir og fá betri skýringu á því hvað er ætlast til af þeim áður en fagnefnd og hverfisráð vinna úr tillögum þeirra.

Breytingar á fyrirkomulagi Betri hverfi 2016

- a. **Almennt:** Íbúar mæti fá meiri viðbrögð og endurgjöf frá borginni þegar þeir senda inn tillögu. Ég hef heyrt að íbúar þekki stundum ekki sínar eigin hugmyndir þegar þær eru að fara í framkvæmd. Fulltrúar frá fagnefnd ættu að fylgjast með umræðum á vefnum og stuðla að því að fólk komi hugmyndum skýrt frá sér og fái skýr skilaboð um að sumt sé ekki hægt og skilji ástæðuna fyrir því. Íbúarnir fái síðan tækifæri til að vinna meira með hugmyndirnar. Almennt þarf miklu meira samráð, gagnsæi og meiri tengsl við íbúana.
- b. **Aðkoma hverfisráðs að ferlinu:** Aðkoma hverfisráðs að verkefninu er almennt of lítil og takmörkuð. Meiri áhersla er lögð á kynningar frá fagnefnd og fulltrúum USK frekar en að unnið sé með lýðræðislegum hætti út frá upprunalegum hugmyndum íbúa. Hverfisráð er fulltrúi íbúa í hluta ferlisins og á að vera sérfræðingar í þróun og þörfum hverfisins.

Lítill völd hverfisráðs endurspeglast til dæmis í því þegar hugmynd kom fram árið 2015 að fjölga ruslafötum í hverfinu. Rætt var ítarlega í hverfisráði um hvort möguleiki væri á því að nýjar tunnur væru flokkunartunnur eins og notað er í borgum um allan heim. Svar annarra aðila var þá neikvætt því að þetta samræmdist ekki stefnu Reykjavíkurborgar. Það er hins vegar stefna hverfisins að vera sjálfbært og auka umhverfisvitund íbúa. Of oft fengu ráðsmenn að heyra að hugmyndir um útfærslu samræmdust ekki stefnu borgarinnar. Sum hugmyndir voru slegnar af borðinu áður

en Hverfisráð kom að þeim. Tími sem hverfisráð fékk til að vinna úr tillögum var alltof lítill og verkefni of mótuð fyrirfram af fagnefndum.

Í ferlinu var ákveðið að í 2-3 verkefnum yrði haft samráð við hverfisráð um staðsetningu o.fl. þegar liði að framkvæmd. Til þess kom þó aldrei þar sem enginn frá USK hafði samband áður en hafist var handa við framkvæmdir. Hverfisráð var því meira að segja hunsað um samráð sem búið var að ákveða að hafa í gangi í samráði við verkefnisstjóra. Í þessu endurspeglast enn og aftur valdaleysi ráðsins í ferlinu.

Fyrir hönd Hverfisráðs Breiðholt
Nichole Leigh Mosty, formaður

Fylgiskjal nr. 2.3. – Umsögn frá hverfisráði Grafarvogs

Hverisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 23. febrúar, var haldinn 126. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst fundurinn kl. 17:07. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Umræður um Betri hverfi í Reykjavík. Eftirfarandi bókun var gerð:

1. Fyrirkomulag hverfakosninganna Betri hverfi eins og það hefur verið síðustu ár. Álit ráðsins

a. almennt.

Hverfisráð er ánægt með hugmyndina um Betri hverfi. Fyrirkomulagið má þó bæta til dæmis með betri upplýsingum til íbúa og betra samráð við tillögugjafa um útfærslur hugmynda.

Hverfisráð mælir með því að verkefninu verði fundið nýtt nafn til aðgreiningar frá Betri Reykjavík.

b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Hverfisráð telur reglur um hvernig það á að meta tillögur stífar og takmarka aðkomu þess. Ráðið telur embættismenn of duglega við að finna athugasemdir sem stýra niðurstöðu ráðsins um hvaða verkefni geti farið í kosningu hverju sinni. Jafnframt telur ráðið reglur um fjölda verkefna of stífar. Mikilvægt er að takmarka ekki aðkomu hverfisráðs og íbúa með of stífum reglum ef efla á íbúalýðræði.

2. Tillögur hverfisráðs að breytingum á fyrirkomulagi hverfakosninganna Betri hverfi 2016

a. almennt.

Hverfisráð hvetur til aukins samtals við íbúa um málefni hverfanna tímalega fyrir kosningar í Betra hverfi til aðvirkja áhuga, hugmyndaauðgi og samfélagsvitund og á þann hátt tryggja fjölbreyttari og áhugaverðari verkefni í pottinum. Hverfisráð telur að kosning í Betri hverfi hvers árs eigi að fara fram haustið áður.

b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Hverfisráð vill fá víðtækari heimildir til þess að hafa aukið vald yfir því hvaða verkefni íbúar fá að kjósa um í betri hverfum. Þannig sé það tryggt að vinsæl verkefni nái í gegn og fái að fara í kosningu.

Fundi slitið kl. 18:45

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Gísli Rafn Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson

Fylgiskjal nr. 2.4. – Umsögn frá hverfisráði Hlíða

Framkvæmd Betri hverfa 2016

Umsögn hverfisráðs Hlíða

1. Fyrirkomulag hverfakosninganna Betri hverfi eins og það hefur verið síðustu ár. Álit ráðsins
 - a. Almennt: Hverfisráð Hlíða lýsir yfir mikilli ánægju með Betri hverfi sem konsepti og verkfæri í átt að auknu íbúalýðræði. Mjög mikilvægt er að virkja íbúa til þátttöku og nýta þekkingu þeirra á eigin hverfi.

Það hefur þó verið tilfinning okkar að fólk upplifi stundum að þetta sé ekki að skila eins miklu og lagt er upp með að minnsta kosti. Oft er hugmyndum breytt þannig að tillögusmiður þekkir hana ekki. Sem dæmi má nefna jólalýsingu á Klambratúni sem oft hefur komið inn á borð úr betri hverfum. Þar hefur verið beðið um „gamaldags seríur“ líkt og eru á Sóleyjargötu en í stað eru settir kastarar sem lýsa upp tré eða að munstri er varpað á túnið. Það er gjörólík stemmning í lýsingunni og passar ekki við innsenda tillögu. Hverfisráðið benti á þetta í síðustu kosningu en ekki var tekið tillit til þess sjónarmiðs.

Annað sem hefur ekki verið hvetjandi er að mörgum tillögum er vísað frá sökum „heilarskipulags“ á staðnum sem tillagan á við um. Sem dæmi má nefna frá síðustu kosningu ýmsar hugmyndir varðandi Klambratúnið og Snorrabraut sem ekki þóttu tækar í kosningu vegna þessa. Það virkar letjandi á þátttakendur að slíkt komi upp. Þá væri nær að tilgreina það á einhvern hátt í upphafi hvað má og hvað ekki. Þegar kemur að lokakosningu eru atriði sem eftir eru stundum óspennandi.

Það er einnig vert að skoða hvernig má koma í veg fyrir að ótal lítil verkefni komist áfram og stór detti út. Það verður þegar fólk er að fullnýta upphæð sem það hefur til ráðstöfunar, þó þeim þyki kannski mikilvægara að stærra verkefni hljóti kosningu, þá deilist upphæðin á fleiri smærri verkefni.
 - b. Á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu:

Þegar hugmyndir voru kynntar fyrir Hverfisráði fannst okkur sem væri búið að útiloka margt og hugmyndir sem eftir voru ekki nógu fjölbreyttar. Einnig fannst okkur ekki nógu vel tekið á móti athugasemdum okkar þegar þær voru settar fram.
2. Tillögur hverfisráðs að breytingum á fyrirkomulagi hverfakosninganna Betri hverfi 2016
 - a. Almennt: Kynna mætti Betri hverfi fyrir fleira fólki á markvissum fundum. T.d. í félagsmiðstöðum ungra sem eldri, skólum og á öðrum starfsstöðum borgarinnar og víðar. Jafnvel væri hægt að vera með e.k. samkeppni eða leik í gangi til þess að hvetja til þátttöku. Okkur dettur í hug Allir lesa átakið og Lífshlaupið, e.k. útfærsla á því. Skapandi þátttaka í lýðræði, það má æfa sig í því og virkja miklu fleiri.
 - Kosningin þyrfti að ná til fleiri þátta en USK og framkvæmda. Það er hægt að kjósa um skapandi verkefni sem efla félagsauð í hverfinu. Smiðjur, uppákomur og fleira.
 - Gott væri að hægt væri að stinga upp á mögulegum samstarfsaðilum að verkefnum. T.a.m. ef fólk sæi fyrir sér ákveðna hópa vinna saman í hverfum á ákveðnum svæðum. Sem dæmi má nefna leiksvæði hannað af skátunum ofl. Þá þyrfti líka að vera möguleiki á tímabundnum verkefnum sem ekki væri ætlað að standa að eilífu.

- Hægt væri að tengja svið borgarinnar við kosninguna. Skóla og frístundasvið gæti t.a.m. staðið fyrir lýðræðisdögum í skólum eða kynningu á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í tengslum við kosninguna.

Fólk þarf einnig að fá að fylgja eftir hugmyndum sínum og afgreiðslu þeirra.

- b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu:

Hverfisráð gæti tekið þátt í kynningu á verkefninu og hvatningu til þátttöku frá upphafi. Ef við hefðum betri upplýsingar gætum við líka stutt við fólk eða aðstoðað. Hverfisráð þarf að fá skýrt umboð til þess að taka afstöðu til hugmynda.

Mikilvægt er að skýra fyrir fólki muninn á Betri Reykjavík og Betri Hverfi og halda úti öflugum kynningum allt árið um kring.

Að þessu sögðu hnykkjum við á því að við berum miklar vonir við áframhaldandi og öflugra íbúalýðræði í gegnum bæði Betri hverfi og Betri Reykjavík.

Fylgiskjal nr. 2.5. – Umsögn frá hverfisráði Kjalarness

Reykjavík, 23. febrúar 2016

Þar sem nýbúið var að halda fund í hverfisráði Kjalarness þegar beiðnin um umsögn barst, var erindið sent til allra ráðsmanna og þeir hvattir til að senda inn umsögn.

Neðangreindar athugasemdir eru frá formanni og meirihluta hverfisráðsins.

1. Fyrirkomulag hverfakosninganna Betri hverfi eins og það hefur verið síðustu ár. Álit ráðsins
 - a. almennt.

Almennt teljum við að Betri hverfi verkefnið sé vel heppnað og hvetjandi kerfi sem stuðlar að auknu íbúalýðræði. Verkefnið hefur vakið íbúa til meðvitundar um umhverfi sitt og til þess að vera vakandi fyrir möguleikum til úrbóta. Verkefnið er góð leið fyrir íbúa til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Áhugi og þátttaka íbúa í verkefninu hefur aukist með árunum.

Við viljum benda á að sum verkefni á Kjalarnesi hafa verið unnin í samvinnu við íbúa. Sem dæmi má nefna að Sögufélagið Steini á Kjalarnesi hefur unnið efni á upplýsingaskilti og Skógræktarfélag Kjalarness tók virkan þátt í framkvæmdinni sjálfri þegar fjármagni var veitt í Græna trefilinn í gegnum Betri hverfi. Með þessu móti nýtist fjármagn vel, þ.e. hönnunar- og undirbúningskostnaður getur minnkað jafnframt því sem íbúar upplifa meiri ábyrgð á verkefnunum og finnst þeir „eiga meira í þeim“ og upplifa meiri gleði yfir framkvæmdunum.

- b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Við teljum að til bóta væri að hverfisráðið hefði aðkomu að verkefnunum fyrr en verið hefur og gæti haft meiri áhrif á mat á verkefnunum og ákvarðanatöku. Einnig væri æskilegt að upphæðin sem ætluð er til verkefnanna væri hærri en nú er þannig að hægt væri að kjósa um stærri verkefni.

2. Tillögur hverfisráðs að breytingum á fyrirkomulagi hverfakosninganna Betri hverfi 2016
 - a. almennt.
 - b. á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu

Að fyrirkomulagið sé vel kynnt í samfélaginu og aðgengi að kerfinu sé einfalt fyrir almenning. Hvað varðar aðrar tillögur að breytingum þá er vísað í það sem hér segir fyrir ofan.

Virðingarfyllt,

Sigríður Pétursdóttir formaður hverfisráðs Kjalarness, Eldey Huld Jónsdóttir og Ólafur Zoëga

Fylgiskjal nr. 2.6. – Umsögn frá hverfisráði Laugardals

Framkvæmd Betri hverfa 2016

Umsögn Hverfisráðs Laugardals

Borgarritari hefur skipað starfshóp um Betri Reykjavík og Betri hverfi.

Starfshópurinn hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi Betri hverfa verkefnisins 2016 og hins vegar að gera tillögur að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar.

Þann 3. mars eru áfangaskil í starfi hópsins, þá skal skilað tillögum sem lúta að framkvæmd hverfakosninganna Betri hverfi 2016. Sem innlegg í störf sín óskar starfshópurinn eftir umsögn hverfisráða um eftirfarandi, sem berast þarf á netfangið unnur.margret.arnardottir@reykjavik.is fyrir 24. febrúar nk:

3. Fyrirkomulag hverfakosninganna Betri hverfi eins og það hefur verið síðustu ár. Álit ráðsins

a. Almenn.

Þó að þessi aðferð þ.e.a.s. að bjóða íbúum hverfa Reykjavíkur að kjósa um forgangsörðun framkvæmda í sínu hverfi sé ekki gallalaus þá er hún samt betri heldur en að láta embættismenn eða pólitískt kjörna fulltrúa taka ákvörðun um þetta.

En þessu viljum við samt koma almennt á framfæri varðandi þessar kosningar:

- Það vantar samfellu í þetta starf og vinna eftir sömu tímalínu á hverju ári
- Tvennt þarf að skoða vel og taka afstöðu til:
 1. Sameining Betri hverfi og Betri Reykjavík
 2. Eða að aðgreina þetta tvennt þannig að fólk rugli þessu ekki saman
- Meira samráð við þá sem setja inn hugmyndir um útfærslur þeirra

b. Á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

Það sama á við um innra skipulag þ.e.a.s. hvað varðar stjórnsýsluna í kringum þetta, þrátt fyrir að hún hafi ekki verið gallalaus þá hefur ýmislegt áunnist í samskiptum á milli aðila.

En samt viljum við koma þessu á framfæri:

- Vantar meira og nánara samráð hverfisráða við stýrihóp
- Meiri vilja þarf hjá stýrihóp við að koma til móts við íbúa varðandi útfærslur hugmynda
- Of þröngur tímarammi er fyrir hverfisráð til að vinna eftir

4. Tillögur hverfisráðs að breytingum á fyrirkomulagi hverfakosninganna Betri hverfi 2016

a. Almenn

- Reynsla undanfarinna ára sýnir að aðeins eitt stór og fjárfrekt verkefni kemst í gegn í hverri kosningu þ.e.a.s. verkefni sem kosta 10-20 milljónir í framkvæmd. Núverandi fyrirkomulag að hafa kosningu með þeim hætti að fólk fyllir upp í budgett eða fjárhagsramma hvers hverfis gerir það að verkum að mörg smærri verkefni fara í gegn sem jafnvel sum hver er tiltölulega lítið atkvæðamagn á bak við. Þetta geta t.d. verið fjölgun á ruslafötum, setbekkir og minni verkefni sem

sum hver ættu hreinlega heima undir budgetti hjá USK sem eðlilegt viðhald. Þannig hafa mörg dýrari verkefni sem hljóta góða kosningu ekki komist í gegn af því að þau sprengja budgettið eða fjárhagsramman. Þetta þarf að skoða betur og sjá hvort ekki er ástæða til þess að breyta fyrirkomulagi kosninganna.

- Væri ekki mögulegt að hluti hugmynda sem hljóta góða kosningu en komast ekki að flytjist sjálfkrafa á milli ára og fari aftur í kosningu á næsta ári?
- Budgettið sem að ekki verður nýtt á þessu ári 2016 verði ekki skorið niður heldur flytjist yfir á næsta ár þannig að kosninginn á næsta ári hafi meira fjárhagslegt vægi heldur en nokkru sinni áður.

b. Á því sem snýr að aðkomu hverfisráðs að ferlinu.

- Gefa nægjanlegt tímalegt svigrúm fyrir hverfisráðin til þess vinnu þá vinnu sem að þeim er ætlað. Hverfisráðum er ætlað að funda mánaðarlega en á undanförunum árum hefur verið nauðsynlegt að kalla út aukafundi á hverju ári til að standast settan tímaramma
- Samkvæmt gildandi regluverki fyrir Hverfisráðin þá er: „*Hlutverk þeirra að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verkswið þeirra.*“ Til þess að þau geti uppfyllt þetta hlutverk sit tbetur mætti alveg auka vægi og aðkomu hverfisráðana að þessu verkefni. Þannig gætu þau haft meira samráð við íbúanna og verið virkari í því að kynna þessa kosningu og fá hugmyndir, ekki bara frá íbúum heldur líka ýmsum stofnunum í hverfinu t.d. dvalarheimilum, skólum, félagsmiðstöðvum osfrv.
- Breyta tímalínunni þannig að kalla eftir hugmyndum að hausti á sama tíma og fjárhagsháætlanagerð stendur yfir hjá ýmsum stofnunum borgarinnar. Með því væri hægt að nýta ýmsar hugmyndi sem ekki komast að í Betri hverfi verkefnunum. Þeim yrði síðan komið áfram sem ábendingum til sviðanna sem að þá gætu jafnvel fundið eitthvað af þeim stað innan fjárhagsramma þeirra sjálfra. Með þessu fyrirkomulagi er komið tækifæri til þess að hverfisráðin fái meira og aukið hlutverk við að koma að forgangsröðun hverfatengdra verkefna við fjárhagsáætlanagerð sem sker þvert á öll sviðin.

Fylgiskjal nr. 2.7. – Umsögn frá hverfisráði Miðborgar

Hverfisráð miðborgar er með tvær tillögur til Betri Reykjavíkur/Hverfi verkefanna þegar það kemur að endurskoðun og mögulegri endurskipulagningu á þeim verkefnum. Það fyrsta er að við viljum hvetja til þess að fjárveitingargrundvöllur verkefnis betri hverfa verði endurskoðaður, til hliðsjónar þess að íbúafjöldi einn og sér tekur ekki tillit til þess hvernig hverfið nýtist fjölda allan af fólki á heildrænan máta. Vert er að taka tillit til þess hvernig hverfi nýtast sem atvinnusvæði og sem ferðamannastaðir og gististaðir fólks sem eru ekki íbúar þegar reiknað er til fjárveitingar í verkefni á borð við betri hverfi. Hið seinna er að við viljum hvetja til þess að grundvöllur betri hverfa verkefnisins verði víkkaður til þess að taka til greinar tillögur sem falla ekki einungis til framkvæmdaverkefna, það setur óþarflega þröngar skorður á það hvaða hugmyndir eru tækar til úrvinnslu í verkefninu og stuðlar því ekki að útbreiðslu verkefnisins og aukningu á íbúalýðræði.

Fylgiskjal nr. 2.8 – Umsögn frá íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss

Vegna verkefnisins Betri hverfi – frá Íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss.

Hérna eru einhverjir punktar frá mér varðandi Betri Hverfi og það sem mér finnst að betur mætti fara.

1. Tryggja lýðræði sem þetta verkefni á að standa fyrir en því miður hefur RVK mistekist að halda lýðræðinu í gegnum allt ferlið. Lýðræðið eins og þetta er í dag er mjög fínt alveg þangað til að íbúar hafa lokið kosningu um verkefni og sérfræðingar RVK og verkfræðistofa taka við. Þá eru hugmyndum jafnvel snúið alveg á hvolf eins og hentar hverjum arkitekt fyrir sig. Lausn á þessu að mínu mati er það að sérfræðingar RVK og verkfræðistofa skila inn teikningum til Hverfisráðs í viðkomandi hverfi sem fer yfir teikningar og kemur með athugasemdir ef þörf þykir. Það er mikið líklegt að Hverfisráð þekki svæðið sem er í framkvæmd og íbúasamsetningu í kringum svæðið og því hvað myndi virka þar og hvað ekki.

RVK hefur eytt nokkrum milljónum í vitleysu hér upp í Árbæ vegna þess að það var ekki hlustað á íbúa eða farið eftir hugmyndunum eins og þær voru uppsettar.

2. Leyfa að kjósa um viðhaldsverkefni í Betri Hverfi því víða tel ég íbúa vera komna í vandræði með að finna upp á verkefnum. Legg til að potturinn verði tvískiptur einn viðhaldspottur og annar framkvæmdarpottur. En til þess þyrfti að talsvert fjármagn í viðhaldspottinn þar sem íbúar forgangsraða viðhaldi í hverfinu. Það þýðir ekkert að setja einhverjar 20 milljónir eða hvað það yrði fyrir Árbæinn því það myndi duga skammt. RVK er með í gangi fjárhagsáætlun sem kemur inn á viðhald í hverfunum og þessi peningur ætti að koma þaðan bara spurning um hve stóran hlut ætti að setja í hendur íbúa.

3. Leyfa Hverfisráði að færa verkefni inn og útaf lista til að tryggja að hverfahlutar verða ekki útundan vegna smæðar sinnar. Þetta þarf samt að vera gert með kosningu innan Hverfisráðs.

4. Setja upp aðgerðarplan til að auka kosningu meðal íbúa. Virkja Hverfisráð og íbúasamtök í hverfum borgarinnar til að taka þátt í þessum aðgerðarplani. Þarf að setja auka pening í þetta sem markaðspening. Auglýsingar, flyerar í hús, greinar í hverfisblöð, auglýsa á facebook vef Íbúasamtaka ofl.

Fjalla um þau verkefni sem hafa heppnast vel í hverfum. 80-90% íbúa hafa ekki hugmynd um að þessi verkefni hafa komið í gegnum eitthvað sem heitir Betri Hverfi.

En að lokum þá verður RVK númer 1,2,3,4,5,6,7,8,9 að tryggja LÝÐRÆÐI í þessi verkefni alla leið í gegn ekki bara þangað til að sérfræðingar og hönnuðir taka við og drepa lýðræðið.

Kveðja

Elvar Örn Þórisson
Formaður Íbúasamtaka Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss

Fylgiskjal nr. 3. – Framkvæmd Betri hverfa 2015 – af vefsíðu verkefnisins

Betri hverfi 2015 - stutt yfirlit

Betri hverfi 2015 er samráðsverkefni íbúa og stjórnarsýslu um forgangsörðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Verkefnið hefst í október 2014 og stendur út árið 2015. Íbúar geta tekið þátt og fylgst með verkefninu á samráðsvefnum www.betrireykjavik.is, á Facebook: <http://www.facebook.com/Betri.Reykjavik> eða í gegnum sína þjónustumiðstöð eða hverfisráð. Verkefnið byggir á hugmyndum um að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Verkefnið er með svipuðu sniði og Betri hverfi 2014 og er byggt á reynslu fyrri ára.

Hvaða hugmyndafræði liggur að baki Betri hverfum?

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þáttökulýðræði, þáttökufjárhagsáætlunargerð - að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Verkefnið er frekari útfærsla á Betri hverfum 2012. Byggt er á reynslu fyrri ára en jafnframt leitað í smiðju sérfræðinga og annarra borga um heiminn þar sem þáttökufjárhagsáætlunargerð hefur verið reynd.

Tímasetningar

8. okt til 7. nóv 2014	nóvember 2014	desember 2014	10. jan 2015	janúar 2015	febrúar 2015	2015
Samráðsvefur	Fagteymi	Samráðsfundir	Hverfaráð	Undirbúningur	Hverfakosning	Framkvæmd
Íbúar setja inn hugmyndir, rökstyðja og ræða. Starfsmenn borgarinnar meta hugmyndir og leiðbeina	Lokað fyrir innsendingu en áfram hægt að rökstyðja, ræða og gefa vægi til 1. janúar. Starfsfólk metur hugmyndir	Fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs fundar með hverfaráðum. Viðbrögð við innkomnum hugmyndum og mati fagteymis.	Hugmyndir teknar af vef. Endanleg uppstilling allt að 20 verkefna í hverju hverfi.	Listar með verkefnum útbúnir og kynntir. Undirbúningur fyrir rafræna atkvæða-greiðslu.	Íbúar velja verkefni rafrænt á sérstöku vefsvæði	Verkefni hönnuð, boðin út og framkvæmd

Skipting fjármagns eftir hverfum

Hvað er fjármagnið mikið og í hvernig verkefni fer það?

Gert er ráð fyrir 300 milljónum króna til verkefnisins og er það sama upphæð og verið hefur undanfarin þrjú ár. Það skal tekið fram að fjármagn til Betri hverfa 2015 er aðeins hluti af því fé sem áætlað er að verði varið til framkvæmda í hverfunum á árinu. Fjármagn er eins og

áður bundið við smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni en íbúar þurfa ekki að meta hvorum flokknum verkefni tilheyrir. Starfsmenn borgarinnar munu meta það og finna verkefnum kostnaðarstað.

Hvernig er fjármagninu skipt milli hverfa?

Fjármagni er skipt milli hverfa með sama hætti og síðustu þrjú ár. Til að tryggja minnstu hverfunum ákveðna lágmarksfjárhæð til umráða er hluta fjárheimildarinnar skipt jafnt milli hverfa. Það fjármagn sem eftir stendur skiptist á milli hverfanna í réttu hlutfalli við íbúafjölda.

Líkt og árin 2013 og 2014 er fyrstu 75 milljónunum þannig skipt jafnt milli hverfanna tíu og koma því að lágmarki 7,5 milljónir króna í hlut hvers hverfis. Því sem eftir stendur, eða 225 milljónum króna, er skipt á milli þeirra 120.853 íbúa sem staðsettir eru í hverfum borgarinnar þannig að í hlut hvers og eins koma kr. 1.861,766. Þessi tala er svo margfölduð með íbúatölu hvers hverfis og fæst þá heildarfjárheimild hverfisins. Fjöldi íbúa og skipting milli hverfa miðast við 1. janúar 2014.*

Betri hverfi 2015				
Skipting fjármagns eftir hverfum				
Hverfi	Íbúar	Lágmark	Skv. íbúafjölda	Samtals
Árbær	10.707	7.500.000	19.933.928	27.433.928
Breiðholt	20.917	7.500.000	38.942.558	46.442.558
Grafarholt og Úlfarsárdalur	6.090	7.500.000	11.338.155	18.838.155
Grafarvogur	17.909	7.500.000	33.342.366	40.842.366
Háaleiti og Bústaðir	14.313	7.500.000	26.647.456	34.147.456

Hlíðar	9.828	7.500.000	18.297.436	25.797.436
Kjalarnes	861	7.500.000	1.602.980	9.102.980
Laugardalur	15.838	7.500.000	29.486.649	36.986.649
Miðborg	8.449	7.500.000	15.730.060	23.230.060
Vesturbær	15.941	7.500.000	29.678.411	37.178.411
Samtals:	120.853	75.000.000	224.999.999	299.999.999

* Tölurnar eru frá 1. janúar 2014 og byggja á gögnum skrifstofu gæða og rannsókna hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Heildaríbúafjöldi var skv. þessu 121.230 en þar af eru 134 skráðir í sendiráð erlendis og 243 óstaðsettir í hús. Eftir standa 120.853 íbúar sem dreifast á hverfin skv. meðfylgjandi töflu.

Hvernig hugmyndir?

Skráning á samráðsvef

Þegar hugmynd er sett inn á samráðsvefinn www.betrireykjavik.is þarf fyrst að skrá sig á vefinn, velja hverfi og huga að því að heiti hugmynda og lýsing sé skýr.

Hugmyndir sem bæta umhverfi, útivistarmöguleika og samgöngur gangandi og hjólandi

Þegar hugmynd er sett inn í Betri hverfi þarf hún að falla að eftirfarandi skilgreiningu:

- Vera verkefni sem haft getur áhrif á umhverfi og eða möguleika til útivistar og samveru, til dæmis: Bekkir, aukinn trjágróður, dvalarsvæði, berjarunnar, útilistaverk, fegrunarverkefni o.fl.
- Vera verkefni sem haft getur áhrif á aðstöðu eða tækifæri til leikja eða afþreyingar, t.d.: bæta leiksvæði, endurnýja leiktæki, lagfæra sparkvelli o.fl.
- Vera verkefni sem hvetur til aukinna hjólreiða, bætir aðstöðu og eða möguleika gangandi eða notenda strætó, til dæmis: stígatengingar, lýsing gönguleiða, lagfæring gönguslóða o.fl.

Miðað er við hugmyndir séu það stórar að þær geti nýttst íbúum hverfisins í heild. Hugmyndum um smærri viðgerðir eða aðgerðir á einstökum stöðum o.þ.h. verður beint inn á ábendingavefinn Borgarlandið.

Er hugmyndin framkvæmanleg?

Það verður að vera hægt að meta hugmynd og útfæra áður en að endanlegu vali kemur í febrúar/mars og framkvæma hana á árinu 2015. Hugmyndin þarf að vera verkefni í verkahring borgarinnar og vera á borgarlandi. Hugmyndin verður líka að falla að stefnu og skipulagi borgarinnar og má ekki þarfnast flókinna og/eða umfangsmikilla undirbúnings-, samráðs- eða samningaviðræðna við aðrar stofnanir og aðila, s.s. vegagerð eða ríki. Hugmyndir sem varða svæði, s.s. skólalóðir, sem þegar eru í öðru ferli í borgarkerfinu verða meðhöndlaðar sem ábendingar inn í það ferli en koma ekki til hverfakosningar. Fagteymi umhverfis- og skipulagssviðs metur þessa þætti og kveður úr um það hvort hægt sé að ráðast í framkvæmdina eða ekki.

Hvað má hugmyndin kosta?

Um er að ræða smærri viðhalds- og nýframkvæmdaverkefni. Þegar hugmynd er sett inn er mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir kostnaðinum við framkvæmd hennar. Hugmynd má ekki kosta meira en það fjármagn sem hverfið hefur til umráða. Ekki verður kosið um hugmyndir sem fara framyfir þá upphæð. Fagteymi sérfræðinga á umhverfis- og skipulagssviði mun meta kostnað og leiðbeina um hann.

Hvernig lýsi ég hugmyndinni?

Þegar ný hugmynd er sett inn er mikilvægt að heiti hugmyndarinnar sé lýsandi og að hugmyndin sé vel vel útskýrð og rökstudd þannig að aðrir eigi auðvelt með að átta sig á hvað um er að ræða.

- Hvað snýst verkefnið um?
- Hvað þarf að gera?
- Hvar á að framkvæma verkefnið?

Þessi atriði geta skipt miklu um hvort hugmyndin nær athygli annarra íbúa og fær það vægi sem til þarf til að um hana verði kosið á síðari stigum. Greinargóð lýsing á hugmyndinni getur jafnframt auðveldað starfsfólki borgarinnar að meta hana, s.s. kostnaðinn við framkvæmd hennar.

Frá hugmynd til framkvæmda - hver gerir hvað og hvenær?

Betri Reykjavík - opið fyrir innsendingu hugmynda til 7. nóvember 2014

Þeir sem vilja setja inn hugmynd verða að vera skráðir notendur Betri Reykjavíkur. Opið er fyrir innsendingu hugmynda til 7. nóvember 2014. Öllum stendur til boða að nota almenningstölvur í bókasöfnum og þjónustumiðstöðvum borgarinnar í þessu skyni.

Betri Reykjavík - ný hugmynd sett inn

Þegar ný hugmynd er sett inn á Betri Reykjavík - Betri hverfi þarf fyrst að velja það hverfi sem hún á að fara í. Hægt er að setja inn hugmynd í hvaða hverfi borgarinnar sem er, óháð búsetu. Með sama hætti er hægt að bæta við rökum við hugmynd eða gefa henni vægi sitt.

Mikilvægt er að hafa í huga þegar hugmynd er sett inn, að hún kosti ekki meira en það fjármagn sem hvert hverfi hefur til umráða. Einnig að hún falli að þeirri lýsingu og skilmálum verkefna sem borgin er að óska eftir. Ekki verður kosið um verkefni sem kosta meira en það

fjármagn sem hverfi hefur, og ekki heldur um þau sem falla ekki að skipulagi, hlutverki eða stefnu borgarinnar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar mun leiðbeina um þetta á samráðsvefnum.

Betri hverfi - undankeppni hugmynda til 1. desember

Samráðið felst ekki síst í því að íbúar kynni sér hugmyndir annarra, ræði þær, bæti jafnvel við eigin rökum og gefi þeim vægi sitt (hér gilda sömu reglur og á Betri Reykjavík). Allar hugmyndir og rökstuðningur úr ferlinu eru sett á samráðsvefinn til umræðu.

Hægt er að ræða hugmyndir og gefa vægi til 1. desember 2015. Mikilvægt er að hafa í huga að á þessu stigi er um undankeppni að ræða - stuðningur á samráðsvefnum er ekki endanlegt val. Það fer fram á sérstöku vefsvæði sem verður opnað í lok febrúar.

Stuðningur við hugmynd í undankeppninni er mikilvægur til að hafa áhrif á það hvort hún eigi möguleika á því að komast áfram í lokavalið. Þó skal hafa í huga að jafnvel vinsælar hugmyndir geta verið slegnar út ef í ljós kemur að þær uppfylla ekki skilyrði um kostnað og framkvæmanleika.

Mat fagteymis

Fagteymi starfsfólks á umhverfis- og skipulagssviði byrjar að meta hugmyndir um leið og þær fara að berast inn á Betri Reykjavík. Í þessari vinnu felst að hugmyndirnar eru metnar út frá kostnaði og hvort hægt sé að framkvæma þær. Hugmyndir mega ekki kosta meira en sem nemur fjárheimild viðkomandi hverfis. Hugmyndir verða að vera í verkahring borgarinnar og á svæðum sem tilheyra borginni. Eins verða þær að falla að skipulagi hennar og stefnu.

Niðurstöðum fagteymis verður miðlað við hverja hugmynd á samráðsvefnum jafnóðum þannig að notendur viti að hugmyndin komi ekki til álitá í óbreyttri mynd. Reynt verður að kalla eftir frekari lýsingu og aðlaga hugmynd í samvinnu við hugmyndahöfund.

Þær hugmyndir sem eru óframkvæmanlegar eða sprengja fjárhagsramma hverfisins og sem ekki næst með góðu móti að aðlaga kröfunum í samtali fagteymis við hugmyndahöfunda, detta sjálfkrafa út og verða ekki í boði við hverfakosningu. Þegar hugmyndir detta út með þessum hætti færast allar hugmyndir sem neðar eru upp um eitt sæti.

Hugmyndirnar geta orðið færri en 20 fyrir hvert hverfi ef ekki hafa borist nógu margar hugmyndir í öllu ferlinu og/eða ef ekki hefur tekist að fella þær að þeim skilgreiningum um hugmyndir sem hér er kallað eftir.

Hverfisráð stillir verkefnum upp

Í byrjun janúar fer hverfisráð yfir verkefni í þeirri vinsældaröð sem þau birtast á samráðsvefnum. Hverfisráð skoðar m.a. dreifingu verkefna um hverfið og hvaða verkefni munu falla út eftir yfirferð fagteymis. Telji hverfisráð að röðun þeirra verkefna sem eftir standa (allt að 20) sé með þeim hætti að verulega halli á ákveðna hverfishluta, getur það reynt að jafna leikinn með því að skipta út allt að 5 af 20 efstu verkefnum fyrir verkefni neðar á listanum. Þetta er auðvitað að því gefnu að verkefni séu fleiri en 20. Ráðið skal við þetta hafa í huga vinsældir þeirra hugmynda sem skipt er út. Miðað er við að niðurstaða hverfisráðanna liggja fyrir ekki síðar en 10. janúar.

Hverfakosning

Þegar verkefnum hefur verið stillt upp fyrir hvert hverfi gefst íbúum Reykjavíkurborgar kostur á að velja á milli allt að 20 verkefna í hverju hverfi. Valið fer fram á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti og þar sem atkvæði er dulkóðað. Þannig er

aldrei hægt að tengja atkvæði við einstaklinga. Þátttaka er opin öllum sem náð hafa 16 ára aldri þann 31. desember 2014 og hafa lögheimili í Reykjavík þegar valið fer fram. Val verkefna stendur yfir í vikutíma í febrúar og mars 2015 en fyrirkomulag verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Vakin er athygli á því að ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er tóku gildi 1. janúar 2012.

Framkvæmd verkefna

Verkefni verða hönnuð, boðin út og framkvæmd á árinu 2015 og verður upplýsingum um framgang þeirra miðlað á vef Reykjavíkurborgar og á Betri Reykjavík. Leitast verður við að hafa samráð við hugmyndasmiði og hverfisráð um útfærslu verkefna - ekki síst í þeim tilfellum að breyta þurfi verkefnum.

Hvað verður um hugmyndir sem ekki hljóta framgang?

Öllum hugmyndum sem detta út í ferlinu verður komið í ákveðinn farveg hjá Reykjavíkurborg, t.d. sem ábendingum til fagraða eða sem innleggi í skipulagsumræðu.

Hvað ef ég get ekki notað samráðsvefinn?

Þeir sem ekki geta sett fram hugmyndir á samráðsvef, s.s. vegna fötlunar, býðst til 7. nóvember að senda hugmyndir sínar með tölvupósti á betrireykjavik@ibuar.is eða með pósti stíluðum á Betri Reykjavík, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustumiðstöðvar í hverfunum eða þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 og óska eftir aðstoð.

Sett á samráðsvefinn Betri Reykjavík - Betri hverfi þann 8. október 2014

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fylgiskjal nr. 4. – Tillaga að tímaássi Betri hverfa 2016 - nánar

